

361. – Stjórnarfundur LEB 13. september 2020

Kl. 09.00 - Haldinn sem fjarfundur.

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Ragnar Jónsson.- *Jónas Sigurðsson boðaði forföll.*

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar 09.08.2022

Samþykkt

2. Siðareglur

Fyrir fundinum liggja nýjar siðareglur fyrir LEB sem unnar eru upp úr samþykktum tillögum almannaheilla fyrir aðildarfélög sín, en LEB er meðal aðildarfélaga.

Fundarmenn lýsa ánægju sinni yfir drögunum og óska eftir frekari upplýsingum um vinnslu þeirra hjá Almannaheillum. Þegar stjórn hefur lagt blessun sína yfir reglurnar þarf væntanlega að leggja þær fyrir Landsfund LEB til samþykktar.
Afgreiðslu frestað.

3. Nefndir LEB

Formaður kynnir stjórn tillögur sínar að skipun einstakra nefnda LEB.

a) Samráðshópur með TR

Samþykkt að tveir úr Kjaranefnd taki þar sæti, þau Þorbjörn Guðmundsson formaður Kjaranefndar sem aðalmaður og Jóna Ósk Guðjónsdóttir sem varamaður.

b) Húsnæðisnefnd

Samþykkt að eftirfarandi skipi nefndina: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson og Halldór Frimannsson.

c) Heilbrigðis- og velferðarnefnd

Huga þarf að markvissara verksviði nefndarinnar, þannig að hún einbeiti sér að heilbrigðismálum ásamt málefnum hjúkrunarheimila.

Samþykkt að veita formanni svigrúm til að leggja fram tillögu að nefndarmönnum.

4. Umsókn FEBH um styrk

FEBH - Félag eldri borgara Hafnarfirði hyggst þýða hluta af heimasíðu sinni yfir á ensku og pólsku til að ná til sem flestra eldri borgara af erlendum uppruna sem búa í

sveitarfélaginu, jafnframt mun vderða þýdd á sömu tungur tilfallandi fréttir af starfseminni. Sótt er um kr. 350.00 og verði hann af inniliggjandi styrk frá ráðuneyti til eflingar félagsstarfs eldra fólks af erlendum uppruna.

LEB þakkar frumkvæði FEBH í málefnum eldra fólks af erlendum uppruna á Íslandi sem það sýnir með styrktarumsókn sinni.

Stjórnin samþykkir einum rómi umsókn FEBH um styrk að upphæð 350.000 kr

Eina skilyrðið er að efnið sem þýtt verður og er almenns eðlis verði jafnframt aðgengilegt fyrir LEB til að nýta fyrir heimasíðu sína sem og annarra aðildarféлага, að sjálfsgöðu í samstarfi við þýðendur. Mun LEB bera þann aukakostnað sem af því hlýst, enda þarf að aðlaga efnið oft á tíðum eftir eðli hvers félags fyrir sig. Auk LEB og FEBH eru tíu aðildarfélög með heimasíður.

5. Önnur mál

a) Hálfárs uppgjör á fjárhagsstöðu LEB

Sigrún gjaldkeri tilkynnti að hún muni kynna 8 mánaða stöðu á næsta fundi stjórnar.

b) Málflutningur Gráa hersins

Mál þremminganna sem hafa stefnt TR f.h. íslenska ríkisins verður dómtekið í Hæstarétti 5. október nk. kl. 09.00

c) Nýtt fjárlagafrumvarp f. 2023

Fyrir liggur að greina þurfi nýtt fjárlagafrumvarp og áhrif þess á kjör eldra fólks sem og senda inn umsögn um það og hugsanlegar breytingatillögur. Þorbjörn lagði til að haft yrði samband við Þórólf Matthíasson prófessor og hann fenginn til liðs í þetta mál.

Samþykkt.

Fleira gerðist ekki. Fundi lauk kl. 9.52.
Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 11. október 2022



Helgi Pétursson formaður LEB